

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Reykjanesbæ.

Hlíðarhverfi.

Í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Reykjanesbæjar 19. janúar 2021 breytingu á deiliskipulagi Hlíðarhverfis.

Markmið deiliskipulagsbreytingarinnar er að skipuleggja svæði fyrir 408 íbúðir í fjölbreyttri byggð fjölbýlishúsa og raðhúsa með lifandi tengsl bygginga og göturýma. Húsum verður þannig fyrir komið að þau myndi sólrík og skjólgóð rými eins og kostur er og útsýnis verði notið sem víðast, samkvæmt uppdráttum Arkís frá 25. mars 2020.

Málsmeðferð var skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast deiliskipulagstillagan þegar gildi.

Reykjanesbæ, 25. mars 2021.

Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 20. apríl 2021